

Nýttu þekkingu starfsfólksins til fulls

Ein af helstu áskorunum stjórnenda í dag felst í því að fá starfsfólk til að hugsa út fyrir kassann, takast á við fleiri krefjandi og jafnvel framandi verkefni. Skýr starfsmannastefna og gildi félaga geta stutt vel við þessar áherslur. Gildi Opinna kerfa: Opinn hugur - Eitt lið - Heiðarleiki - Sigurveilji, gera okkur kleift að virkja grasrótina svo um munar og endurspeglja þannig það umhverfi sem ríkir innan félagsins. Í lykilverkefnum svo sem að lækka rekstrarkostnað, þróa nýjar lausnir, útvíkka þjónustuframboð, endurskoða starfsmannastefnu eða endurskoða gildi félagsins höfum við fengið grasrótina til verksins.

Reynsla undanfarinna þriggja ára hefur sýnt okkur, að það sem sker úr um hversu vel fyrirtækinu tekst að nýta þekkingu og hæfileika starfsfólks til fulls er virðing fyrir þekkingu þess, viðhorfum, reynslu og persónulegu gildismati. Rúsínan í pylsuendanum felst ekki síst í því að með því að gefa starfsfólki tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt sýnir það mun meiri áhuga á heildarmálefnum félagsins, tryggir meiri samheldni og sigurveilja í hópnum og, umfram allt, heiðarleika í samskiptum þar sem skoðanir allra eru virtar og teknar til greina.



Helga J. Oddsdóttir